

## HVAÐ ÁTTU VIÐ?

Eins og í fyrri tölublöðum Gáttar munum við velta fyrir okkur nokkrum hugtökum sem varða viðfangsefni Fræðslumiðstöðvarinnar. Settar eru fram tillögur að íslenskum þýðingum og skilgreiningum.

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins gegnir því hlutverki að vera vettvangur samstarfs og umræðu um fullorðinsfræðslu og kennslufræði fullorðinna. Þeir sem þar starfa finna þörf fyrir að hugtök, sem notuð eru í umræðu um fræðslumál fullorðinna, séu skýrt skilgreind. Því höfum við fastan þátt hér í ársritinu Gátt þar sem fjallað er um slík hugtök með það að markmiði að koma af stað umræðum og ná samkomulagi um heppilega og samræmda notkun þeirra. Þessari hugtakaumfjöllun þarf síðan að fylgja eftir

með því að fá áhugasama til að tjá sig. Innan Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins er starfandi hópur sérfræðinga sem stöðugt veltir fyrir sér heppilegri hugtakanotkun og prófar sig áfram með mismunandi hugtök.

Í fyrsta tölublaði Gáttar höfum við umræðuna um merkingu hugtaka á sviði fullorðinsfræðslu og héldum því áfram í öðru og þriðja tölublaði. Að þessu sinni höfum við valið að setja fram skilgreiningar á nokkrum hugtökum sem notuð eru í evrópsku færnivíðmiðunum (European Qualification Framework). Umræður um þessi hugtök eru að hefjast og ljóst að mikil vinna er framundan við nánari skilgreiningar.

### Hugtak á ensku: Íslensk þýðing: Merking / skilgreining:

|                    |                    |  |
|--------------------|--------------------|--|
| <b>Information</b> | <b>Upplýsingar</b> | Upplýsingar eru gögn, hugmyndir, staðreyndir og tilfinningar sem hlotið hafa merkingu fyrir einstaklinginn og eru hluti af reynsluheimi hans.  |
| <b>Knowledge</b>   | <b>Þekking</b>     | Þekking er uppsöfnun og túlkun upplýsinga í námi.  |
| <b>Learning</b>    | <b>Nám</b>         | <p>Með námi er átt við ferli sem leiðir til breytinga á skilningi og hugsun og hefur áhrif á atferli einstaklings.</p> <p>Nám er ferli sem snýst um þekkingaröflun þar sem einstaklingur setur upplýsingar sínar og reynslu í samhengi við nýjar upplýsingar eða nýjar aðstæður. Þannig eykur hann hagnýta og vitsmunalega getu sína og þar með persónulega færni sína.</p> <p>Nám er félagslegt í þeim skilningi að einstaklingur lærir af endurgjöf sem fæst í samfélagi við aðra.</p> <p>Nám fer fram við ýmsar aðstæður, svo sem í tómstundum, hjá menntastofnun og á vinnustað.</p> |

Hugtak á ensku: Íslensk þýðing: Merking / skilgreining:

|                           |                    |  |
|---------------------------|--------------------|--|
| <b>Learning outcome</b>   | <b>Námsafurður</b> | Afurður náms er lýsing á birtingarmynd þess sem stefnt er að, að einstaklingur viti og sé fær um að taka sér fyrir hendur að námi loknu (t.d. námskrá).<br>Afurður náms er þekkingar- og þroskaauki og breytingar á atferli að námi loknu. |
| <b>Certificate</b>        | <b>Skírteini</b>   | Með skírteini er átt við skjalfesta vottun á færni og gildi náms. Það hefur vægi á vinnumarkaði og fyrir áframhaldandi nám eða þjálfun og getur haft lögformlegt gildi þar sem viðkomandi aðila er veitt leyfi til starfa.                 |
| <b>Assessing learning</b> | <b>Mat á námi</b>  | Sérfræðingur eða hópur sérfræðinga leggja mat á nám með því að bera það saman við ákveðin, fyrir fram skilgreind viðmið eftir ákveðnu, fyrir fram skilgreindu matsferli.   |

## HLUTVERK OG STAÐA FA Í MENNTAKERFINU

